

Fundargerð

88. fundur í Safna- og menningarmálanefnd

Miðvikudagurinn 19.08.2015 kl 16:00 haldinn í Ráðhúsinu.

Mættir voru: Bjarki Hjörleifsson sem ritar fundargerð, Dagbjört Höskuldsdóttir, Ingibjörg H. Ágústsdóttir, Ragnheiður Valdimarsdóttir, Gunnlaugur Árnason, Sturla Böðvarsson.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Efni fundar:

1. Sturla Böðvarsson bæjarstjóri fer yfir málefni sem varða Safna og menningarmálanefnd.
2. Amtbókasafnið þróun og staða mála .
3. Vatnasafnið.
4. Fundur /málþing/ ráðstefna um safnastefnu í bænum - tímasetning ofl.
5. Fyrirhugað samstarfsverkefni fimmtudag 17 september Vatnasafninu kl 20:00 Vibeke Nörngaard Nielsen Listamaður á sögulóðum, Johannes Larsen á ferð um Ísland 1927 og 1930 .
6. Önnur mál.

Helst var rætt:

Ragnheiður setur fund, gefur Sturla orðið

1. Sturla Böðvarsson bæjarstjóri fór yfir málefni sem varða Safna og menningarmálanefnd. Sturla sagði frá athugasemdum sem Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga sem gerð var á rekstri Stykkishólmsbæjar. Eftir úttekt var fenginn ráðgjafi sem fór ofan í rekstur hjá sveitarfélaginu þar var lögð áhersla á að sameina alla safnastarfssemi undir eina safnastofnun, með því ætti að nást fram hagræðing í rekstri safnanna. Einnig kom fram í úttektinni að Stykkishólmsbær lætur meira fjármagn til safnamála miðað við önnur bæjarfélög sambærileg að stærð, enda hér fleiri söfn en gengur og gerist. Þá kom fram í máli Sturlu að vandsamt væri að ráða ekki yfir byggðarsafninu, æskilegt væri að safnið yrði rekið undir safnanefnd Stykkishólms. Fyrstu skrefin í hagræðingu safna í Stykkishólmi Vatnasafn og Eldfjallasafn nálgist meira og var haldinn fundur með fyrirsvaramönnum safnanna þar sem hljómgrunnur náðist fyrir samvinnu safnanna að sögn Sturlu.

Umræður urðu nokkrar. Dagbjört spurði varðandi Artangel, hvort þau hefðu verið jákvæð varðandi samvinnu og hugsanlega samtengingu safnanna, það væri jákvætt því að henni hefði ekki fundist sá vilji vera fyrir hendi fyrr. Sturla taldi svo vera. Dagbjört sagði það sína skoðun að Amtbókasafnið ætti að vera miðpunktur safnanna. Sturla svarði því að stefnt væri að því að öll söfnin færu undir sama hattinn, og mundu heyra undir Safna og menningarmálanefnd. Söfnin yrðu áfram til, hvert undir sínu nafni þó stjórnun væri sameiginleg.

2. Amtbókasafnið þróun og staða mála. Sturla sagði að skipaður hefði verið vinnuhópur um viðbyggingu við skóla. Sturla sýndi fundarmönnum frum-teikningar af nýbyggingu Amtbókasafnsins við grunnskólann og fór yfir í grundvallar atriðum hvernig sú bygging kæmi til með að nýtast. Dagbjört bar upp þá spurningu hvort safnið yrði tilbúið á áætluðum tíma. Sturla svaraði því til að stefnt væri að því. Stefnt er að að sameina skólabókasafn og Amtsbókasafn. Dagbjört spurði líka um kostnað við þessa byggingu, Sturla svaraði því til að fyrir lægi hversu margir fermetrar byggingin yrði og kostnaður á hvern fermetra væri talinn ca 300.000 kr. Ekki lá þó fyrir hvort sá kostnaður væri réttur, miðað við nýtingu á búnaði sem til er.
3. Vatnasafnið. Var tekið fyrir í öðrum liðum td. Umræðum um sameiningu safna og umræður um merkingar / skilti í önnur mál.
4. Fundur /málþing/ ráðstefna um safnastefnu í bænum - tímasetning ofl. Farið var yfir sögu mála og hugmyndir um opið málþing með íbúum Stykkishólms kynntar fyrir nýjum nefndarmeðlimum. Ragnheiði formanni var falið að velja dagssetningu í samstarfi við Guðrúnu Jónsdóttur um miðjan október. Lagt til að á næsta fundi Safna og menningamálanefndar verði ákveðið snið málþingsins /fundar /ráðstefnu.
5. Fyrirhugað samstarfsverkefni fimmtudag 17 september Vatnasafninu kl 20:00. Vibeke Nörgaard Nielsen „Listamaður á söguslóðum, Johannes Larsen á ferð um Ísland 1927 og 1930“ . Formaður sagði frá erindi Vibeke, sem vildi halda fyrirlestur hér í Stykkishólmi. Stykkishólmsbær skaffar Vatnasafnið og hljóðkerfi. Ragnheiður Óladóttir Vatnasafninu sér um sá þáttur gangi vel fyrir sig.
6. Önnur mál.

Ljósmyndir frá Guðmundi Gunnarssyni nefndin hefur áhuga á að ræða við börn Guðmundar Gunnarssonar varðandi ljósmyndasafn föður þeirra.

Merkingar á á söfnum ræddar, Ingibjörg lagði til að QR-kóðum yrði komið fyrir, kóðarnir virka þannig að snjallsímar eru færir um að skanna þá inn og lesa, því næst færir síminn kóðann yfir á tiltekna síðu, þar mætti koma fyrir ógrynni af upplýsingum um staði, söfn og hvernig á að rata hvert. Hugmyndin mældist vel fyrir.

Hugmyndir um fjölnota menningarhúsnæði í Rækjunesi. Bjarki talaði um að sér þætti mikilvægt að þessi nefnd beitti sér fyrir því að aðstaða/ húsnæði í Rækjunesi yrði að raunveruleika. Að hugmyndir um fjölnota menningarhúsnæði verði að raunveruleika.

Allar hugmyndir mældust vel fyrir.

Fundi slitið kl 17:56

Bjarki Hjörleifsson